

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Vinnslustöðin hf. Vestmannaeyjar



<b>Dags eftirlits</b>	9.2.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Ólafur Kristinn Tryggvason
<b>Fyrirtæki</b>	Vinnslustöðin hf.	<b>Fulltrúi UST</b>	Eva Dögg Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Hafnargötu 2	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	700269-3299	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurður Friðbjörnsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	436194,528      327119,082

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu en gera þarf frárennslismælingar sem fyrst eða áður en loðnuvertíð lýkur. Athugasemdir eru gerðar við gat í vegg lekaþróar og opið hlið á nýrri lekaþró.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á því að funda með eftirlitsþegum þar sem farið var yfir gögn sem fyrirtækið hefur skilað til Umhverfisstofnunar í samræmi við starfsleyfi. Öllum gögnum sem fyrirtækinu ber að skila til Umhverfisstofnunar nema frárennsliskýrslu hafði verið skilað á réttum tíma þegar eftirlitið fór fram og mælingar sem bárust eru innan marka. Einnig var farið yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu og ákvæði í starfsleyfi. Minnt á að starfsleyfið rennur út 1. febrúar 2014 og bent á að lágmarksfrestur til að sækja um nýtt starfsleyfi eru 8 mánuðir.

Eftir fundinn var farið í eftirlit um verksmiðju og útisvæði hennar. Verksmiðjan var í gangi og ekkert athugavert var að finna í verksmiðjunni sjálfri en athugasemdir voru gerðar við hlið á lekavarnarþró utan um geyma norðan Strandvegjar og einnig við nýsagað gat fyrir rör í gegnum vegg þróar sunnan Strandvegjar. Fram kom hjá verksmiðjustjóra að framkvæmdir væru í gangi steipt yrði upp í gatið fljótlega og hliðið þyrfti að vera opið vegna umferðar steypubíla við gerð sökkla undir nýja geyma. Að loknum framkvæmdum verður gengið frá og hliðinu lokað. Bent er á að þegar því er lokið þarf að tilkynna það til Umhverfisstofnunar. Stofnunin mun fylgjast með framgangi og ganga úr skugga um hvort framkvæmdum sé lokið.

## ATHUGASEMDIR

Athugasemdir voru gerðar við gat í vegg lekaþróar og opið hlið á nýrri lekaþró. Framkvæmdir standa yfir en gerð er krafa um úrbætur strax og þeim er lokið.

## ANNAÐ

Bent er á að tilkynna þarf til umhverfisstofnunar um allar meiri háttar breytingar eða nýframkvæmdir í eða við verksmiðjuna.

Reykjavík, 24.05.2012

Ólafur Kristinn Tryggvason

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.